

Endurvinnslustefna Ölmú íbúðafélags hf.

Alma íbúðafélag hf. („félagið“) hefur sett sér endurvinnslustefnu þessa með það að markmiði að draga úr úrgangi, auka endurvinnslu og stuðla að sjálfbærni í starfsemi félagsins. Félagið skuldbindur sig til að vernda umhverfið með því að nýta auðlindir á ábyrgan hátt og lágmarka umhverfisáhrif.

Umfang og ábyrgð

Allir starfsmenn félagsins bera ábyrgð á að fylgja stefnu þessari og stuðla að sjálfbærni í daglegum rekstri. Framkvæmdastjóri og hópstjóri viðhaldssviðs bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að henni sé framfylgt. Starfsmenn skulu fá kynningu á stefnunni. Þjónustustjóri ber ábyrgð á því að leigutakar séu upplýstir um markmið og tilgang stefnunnar.

Flokkun úrgangs

Allur úrgangur skal flokkaður í viðeigandi endurvinnsluflokka, þar á meðal pappír, plast, gler og málma. Sérstök ílát skulu tiltæk í öllum eignum félagsins til að auðvelda flokkun.

Endurnýting og endurvinnsla

Félagið skal leitast við að endurnýta efni og muni eins og mögulegt er. Það sem ekki er mögulegt að endurnýta skal sent í endurvinnslu.

Fræðsla og vitundarvakning

Starfsmenn skulu hljóta fræðslu um mikilvægi endurvinnslu og hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum.

Stefna þessi skal kynnt leigutökum. Leigutakar skulu jafnframt hljóta fræðslu um flokkun og endurvinnslu heimilissorps.

Samstarf við endurvinnsluaðila

Félagið skal einungis vinna með viðurkenndum móttöku- og endurvinnslustöðvum til að tryggja að úrgangur sé meðhöndlaður á réttan hátt.

Endurskoðun

Stefni þessa skal endurskoðuð árlega eða oftar ef til.

*Þannig samþykkt af stjórn
Ölmú íbúðafélags hf.,
22. okt. 2024*

Gunnar Þór Gíslason

Eggert Árni Gíslason

Erna Gísladóttir